

## FUNDARGERÐ

346. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 14. janúar 2025 kl. 14:00.

### Mætt eru í upphafi fundar:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ) í fjarfundi, Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Gestir á fundinum: Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnastjóri HEF (#1-3)

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### Dagskrá:

1. Starfsáætlun stjórnar
2. Fjarvarmaveita Seyðisfjarðar
3. Húsnæði HEF, Fellabrún 1
4. Kaldavatnsöflun fyrir Eiða
5. Mál PBP gegn félaginu
6. Verkefni í gangi og tímaáætlanir
  - a. Ný vatnsveita fyrir Djúpavog
  - b. Fráveita á Djúpavogi
  - c. Vatnsveitan Hallormsstað
  - d. Endurnýjanir gatna
  - e. Hreinsistöð Melshorni
  - f. Vatnstankur Borgarfirði
  - g. Jarðhitaleit í Eiðabínghá
7. Önnur mál
  - a. Stjórnarmaður í fæðingarorlof

### **1. Starfsáætlun stjórnar**

Fundaáætlun ársins yfirfarin og afgreidd, annan þriðjudag í hverjum mánuði. Framkvæmdastjóri setur í dagatal stjórnar.

Yfirferð á ferli upplýsinga til stjórnar (liður 2, 6. mgr.): Upplýsingar úr fjárhagskerfi félagsins verði fyrirliggjandi annan hvern mánuð.

Tillaga um að aðalfundur félagsins verði haldinn 20. eða 21. mars 2025. Framkvæmdastjóri kannar hentugleika fulltrúa sveitarfélagsins fyrir tímasetningunni.

### **2. Fjarvarmaveita Seyðisfjarðar**

Samningaviðræður um framsal fjarvarmaveitunnar á Seyðisfirði standa enn yfir síðan fyrir áramót. Reiknað er með að viðræðum ljúki í janúar, og stendur til að HEF veitur gefi út reikninga fyrir húshitun á Seyðisfirði í lok mánaðar. Gjaldskrá HEF veitna vegna fjarvarmaveitunnar á Seyðisfirði var staðfest af ráðuneytinu og birt í Stjórnartíðindum 30. desember s.l., en hún er samhljóða gildandi gjaldskrár RARIK.

Vinna við uppgjör og álestur stendur nú yfir, ásamt því að koma viðskiptamönnum inn í kerfi HEF.

Hingað til hafa alls 108 heimili skilað inn upplýsingum um kyndingarkerfi, þar af eru um 63% tengd kyndistöð, 14% með vatnslagnakerfi, 20% með rafmagnsofna og 3% með varmadælu.

Framkvæmdastjóra með fulltyngi verkefnisstjóra falið að koma upplýsingum um málið til eiganda, Múlaþings, til afgreiðslu.

### 3. Húsnæði HEF, Fellabrún 1

Framkvæmdir í bílskúr Fellabrún 1 hófust í byrjun janúar, en þar er verið að útbúa fundarsal og starfsmannainngang. Framkvæmdir í núverandi fundarsal, sem verður kaffistofa, hefjast í kjölfarið en reiknað er með að það verði seinni hluta febrúar mánaðar.

### 4. Kaldavatnsöflun fyrir Eiða

Jarðfræðingur HEF vinnur að undirbúningi kaldavatnsöflunar fyrir Eiða, þar sem vatnsþörf þar hefur aukist verulega og útlit fyrir að muni aukast enn meir á komandi árum, gangi skipulagsáform eftir. Samráð stendur yfir með landeigendum og skipulagsyfirvöldum um leyfismál og mögulega framkvæmd.

### 5. Mál PBP gegn félaginu

Landsréttur frestaði fyrirtöku málsins til 28. janúar (áður bókað á fundi #345).

### 6. Verkefni í gangi og tímaáætlanir

#### a. Ný vatnsveita fyrir Djúpavog

Frágangi lagna og jarðvegs við nýtt vatnsból í eyrum Búlandsár lauk fyrir áramót. Fyrsta verk á nýju ári var að koma dælum í jörðu og klára að tengja rafmagn í tækjarými, ásamt því að skola úr borholum. Föstudaginn 10. janúar var vatni dælt í tankinn í fyrsta sinn, en tæknilegir örðugleikar valda því að vatnið skilaði sér ekki í miðlunartank og verður einhver bið á að viðgerð ljúki. Þann 4. janúar varð bilun við inntaksþró í Búlandsdal, á gamla vatnsbóli bæjarins, en bráðabirgðaviðgerð heldur vatnsbirgðum bæjarins uppi eins og staðan er núna.

#### b. Fráveita á Djúpavogi

Rekstur dæla og hreinsibúnaðar gengur eins og að var stefnt. Undirbúningur 2. áfanga að hefjast, dælubrunnur og -lögn frá rotþró neðan Steina að dælubrunni framan við Framtíð.

#### c. Vatnsveitan Hallormsstað

Málið var á dagskrá fundar #345, (1). Vatnskerfið allt komið í virkni. Slá þurfti hluta af fyrirhuguðum umbótaframkvæmdum á frest vegna vetrarhörku en þær eru ráðgerðar samhliða næstu þrífum á tankinum.

#### d. Endurnýjanir gatna

Hönnunarvinna er langt komin, fráveitulagnir í 2 götum á Egilsstöðum, Hjarðarhlíð og Bláskógum hafa verið myndaðar, sem er afar heppilegt með tilliti til gæða hönnunar við endurnýjun fráveitulagnanna.

Hönnunarvinnu miðar og útlit fyrir að hægt verði að auglýsa framkvæmdaútboð í febrúar 2025.

#### e. Hreinsistöð Melshorni

Forhönnun er langt komin, kláraðist ekki fyrir áramót eins og að var stefnt. Þrátt fyrir það verður útboð í vetrarlok og framkvæmd hefjist á vordögum.

#### f. Vatnstankur Borgarfirði

Aðaluppdrættir og burðarvirkjateikningar að mestu tilbúnar. Útboð á vordögum og framkvæmt sumar 2025.

#### g. Jarðhitaleit í Eiðapínghá

Landeigendur eru með samningsdrög til skoðunar. Framkvæmdastjóri hefur boðað aðila til fundar í lok janúarmánaðar.

## 7. Önnur mál

### a. Stjórnarmaður í fæðingarorlof

Hildur Þórisdóttir verður í fæðingarorlofi frá 1. febrúar til 31. júlí 2025. Eyþór Stefánsson mun taka sæti Hildar á meðan á orlofinu stendur.

Fundi slitið kl. 16:10.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá. Fundargerð ritaði Aðalsteinn Þórhallsson.